

Fundargerð

328. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
24. ágúst, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundur Trúnaðarmannaráðs 13. okt.

○ Drög að dagskrá fyrir hádegi

- Fundur settur
- Lífeyrismál
- SALEK
- Kjaramál
- Menntamál
- Afmæli félagsins
- Önnur mál
- Fundi slitið

○ Drög að dagskrá eftir hádegi

- Fræðsla trúnaðarmanna

3. Fundur kjörinna félagsnefnda 13. okt.

○ Drög að dagskrá

- Fundur settur
- Áherslur félagsins á störf kjörinna félagsnefnda
- Nefndir funda og skipta með sér verkum
- Önnur mál
- Fundi slitið

4. Félagsstjórnarfundur 14. október nk.

○ Drög að dagskrá

- Fundur settur
- Farið yfir niðurstöðu fundar Trúnaðarmannaráðs
- Fundur settur
- Lífeyrismál
- SALEK
- Kjaramál
- Menntamál
- Afmæli félagsins
- Önnur mál
- Fundi slitið

5. Menntamál (Birna Ólafsdóttir kemur á fundinn)

- Framvegis
- Vinna nefndar um Fagháskóla

- Starfsmenntasjóður
 1. Staðan
 2. Staðan með Reykjavíkurborg
- Starfsþróunarsjóður
 1. Staðan með Guðmundi og félögum

6. Saga félagsins

- Gerð grein fyrir gangi mála við félagatalið og söguna
- Myndband frá átökum og stofnun stéttarfélags
- Tilboð í klippingu og frágang
- Áætla 10 tíma í klippivinnuna 1 klukkutíma í voiceover og hljóðmix
- samtals 11@12900 klst. = 141.900 kr.
- Ef það væri viðbótartökur þá er grunnverð hálfur dagur 190þ.
- heill dagur 290 þ.
- Öll verð eru án vsk.

7. Afmæli félagsins

- Formaður afmælisnefndar KÓ fer yfir stöðuna
 - Tímalína, þar sem fram koma þau verkefni sem verið er að vinna að og því hver ber ábyrgð á verkferlum

8. Gestalisti á hóf í boði félagsins

9. Fánamál

10. Kjaramál

- Farið yfir stöðuna í starfsmatinu við Reykjavíkurborg
- Farið yfir tillögur formanns og framkvæmdastjóra að úthlutun potta hjá stofnunum ríkisins
- Búið er að ganga frá tíma fyrir Samstarfsnefndafund
 - LSH

11. Sjúkraliðinn blað félagsins

12. Fræðsla um gerð stofnanasamninga

13. Frá stjórnarfundum BSRB um lífeyrismál

- Skoða þarf afstöðu SLFÍ til tillagna fjármálaráðuneytisins um breytingu á lífeyrissjóði LSR og sveitarfélaga.
- Upplýsingar um skýrslu Holdens vegna SALEKS

14. Dagskrá haustannar í forystufræðslu BSRB og ASÍ Sjá link [Forystufræðsla BSRB og ASÍ](#)

15. Myndataka af stjórnnum félagsins

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fyrsta fundar að loknu góðu sumarleyfi.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Fundur Trúnaðarmannaráðs 13. okt nk. kl. 10.00

Farið var yfir væntanlega dagskrá trúnaðarmannaráðsfundar og gerð grein fyrir að búið væri að senda áminningu á trúnaðarmenn um að skrá sig.

Ákveðið var að kanna hvort Kristinn hagfræðingur BSRB geti mætt á fundinn og farið yfir lífeyrismál og SALEK. GÖG fer yfir kjaramál, BÓ fer yfir menntamál og KÓ fer yfir afmælisundirbúninginn.

- *Drög að dagskrá fyrir hádegi*
 - *Fundur settur*
 - *Lífeyrismál*
 - *SALEK*
 - *Kjaramál*
 - *Menntamál*
 - *Afmæli félagsins*
 - *Önnur mál*
 - *Fundi slitið*

4. Fundur kjörinna félagsnefnda 13.okt. nk

Ákveðið var að boða kjörnar félagsnefndir til fyrsta fundar kl. 15.00 þegar trúnaðarmannaráðsfundi er lokið. Á fundinum verður farið yfir helstu áherslur og kröfur til nefnda og nefndarmenn skipta með sér verkum. Jóhanna Traustadóttir verður Sigríði innan handar með boðunina.

- *Drög að dagskrá*
 - *Fundur settur*
 - *Áherslur félagsins á störf kjörinna félagsnefnda*
 - *Nefndir funda og skipa með sér verkum*
 - *Önnur mál*
 - *Fundi slitið*

5. Félagstjórnarfundur 14. október nk.

Rætt var um drög að dagskrá næsta félagstjórnarfundar og hún uppfærð.

- *Drög að dagskrá*
 - *Fundur settur*
 - *Farið yfir niðurstöðu fundar Trúnaðarmannaráðs*
 - *Lífeyrismál*
 - *SALEK*
 - *Kjaramál*
 - *Menntamál*
 - *Afmæli félagsins*
 - *Starfsreglur deilda*
 - *Evrópudagur sjúkraliða*
 - *Önnur mál*

6. Menntamál, Birna Ólafsdóttir (BÓ) kom á fundinn

BÓ fór yfir málefni Framvegi símenntunarmiðstöðvar þ.s. fram kom að illa hefur gengið að halda framkvæmdastjórum af misjöfnum ástæðum. Verið er að ræða um að Framvegis samnýti húsnæði og jafnvel starfskrafta með Starfsmennt. Málið lagt fyrir framkvæmdastjórn og ákveðið að vinna það áfram með fulltrúum eigenda og stjórn Framvegis.

BÓ fór yfir vinnu nefndar um stofnun Fagháskóla. Fram kom að á síðasta fundi hefðu fulltrúar háskólanna gefið lítið fyrir fyrirliggjandi áfangaskýrslu um stofnun

fagháskóla. Enn er unnið að málinu og fulltrúar háskólanna vilja að kannað sé hvort atvinnulífið hafi þörf fyrir fagháskólanám.

Starfsmenntasjóður er kominn með kennitölu og í vörslu SLFÍ. BÓ og KÁG eru í vinnuhópi með aðilum frá fjármálaráðuneytinu sem vinnur að uppfærslu og endurskipulagningu á Starfsþróunarsjóði félagsins.

7. Saga félagsins

KÁG fór yfir að félagatalið og sagan eru í prentvinnslu og verður klárt fyrir afmælishátíðina ef ekkert kemur upp á. Rætt var um kostnað af prentun og útgáfu sögunnar og félagatalsins.

KÁG fór í Safnadeild RUV og aflaði gagna og rætt var um að fá myndvinnslufyrirtæki til að klippa saman fréttir. Rætt var um gerð myndbands sem tæpir á því helsta í sögu, átökum og þróun Sjúkraliðafélags Íslands fram til 1994.

Farið var yfir kostnaðaráætlun vegna verksins og ákveðið að fara í þessa vinnslu.

8. Afmæli félagsins

Varaformaður SLFÍ og formaður afmælisnefndar Kristín Ólafsdóttir (KÓ) gerði grein fyrir síðasta fundi afmælisnefndar þ.s. rætt var um yfirskrift ráðstefnunar og lagt er til að hún verði „Sjúkraliðar hér og þar, fjölbreytni starfa og faglegur metnaður“ og var það samþykkt. Einnig var hugmynd um að vera með nokkur stutt myndbönd, sem sýna fjölbreytileika sjúkraliðastarfanna. Rætt var um að fá tilboð í verkið frá fagaðila.

KÓ gerði grein fyrir kostnaði af nælum/heiðrunargripum og óskaði eftir samþykki framkvæmdastjórnar. Ákveðið var að afmælisnefndin vinni áfram með málið í takt við þá umræðu sem fram fór á fundinum.

Evrópudagur sjúkraliða var ræddur á fundi afmælisnefndar og talað um að hafa hann í takt við síðustu ár. Ákveðið var að Jóhanna Traustadóttir láti útbúa muni til dreifingar á afmælisárinu og Evrópuveginum.

Gestalisti á hóf í boði félagsins. Rætt var um boðsgesti og ákveðið að framkvæmdastjórn í samráði við starfsmenn skrifstofu SLFÍ ákveði hverjum verði boðið. Boðskort verður útbúið og sent tímanlega.

9. Fánamál

JT fór yfir stöðu mála varðandi að sauma veglegan og vandaðan fána félagsins. Beðið er eftir prufu/sýnishorni til að taka endanlega ákvörðun.

10. Kjaramál

Farið var yfir stöðuna í starfsmati hjá Reykjavíkurborg. Stefnt er að því sjúkraliðar í heimahjúkrun fari fyrst í starfsmat. Áður en það verður þarf að vinna eða endurvinna starfs – og verklýsingar í samráði við sjúkraliða og félagið.

Farið var yfir tillögur formanns og framkvæmdastjóra að úthlutun potta til heilbrigðisstofnana 2016 – 2017 og 2018, sem unnar voru í samráði við Gunnar Gunnarsson hagfræðing og voru hugmyndirnar samþykktar.

Tillögur félagsins hafa verið sendar á fulltrúa mannauðssviðs LSH, en stefnt er að því að klára fyrst stofnanasamninga fyrir öll árin við LSH. Fundur verður 25. ágúst í samstarfsnefnd SLFÍ og LSH þar sem m.a. verður farið yfir tillögur félagsins.

11.Sjúkraliðinn

GÖG gerði grein fyrir að í septemberblaði félagsins verði m.a. gluggað í útkomna sögu félagsins og birtar myndir og viðtal við söguritara. Ekki verður um eiginlegt afmælisblað að ræða þ.s. ekki er talin ástæða til þess í ljósi útkomu sögunnar og félagatalsins.

12.Lögmenn

Félagið hefur stefnt Eir fyrir Félagsdóm vegna rangra (of lágra) launagreiðslna til sjúkraliða sem starfa við heimahjúkrun á þeirra vegum í verktöku frá ríki og Reykjavíkurborg.

Staðan með staðgengilslaunin (Austurland). Farið var ítarlega yfir málið og er það í áframhaldandi vinnslu.

13.Fræðsla um gerð stofnanasamnings

GÖG fór yfir að vinnuhópur sem hann væri í, sem er að störfum til undirbúnings fræðslu um gerð stofnanasamninga fyrir opinbera starfsmenn og stjórnendur stofnana. Áætlað er að rúmlega 2000 manns taki þátt í námskeiðum sem verða um allt land og bundnar eru vonir við að virkur og „lifandi“ stofnanasamningur geti orðið öflugt tæki til jákvæðrar mannauðsstjórnunar.

14.Frá stjórnarfundum BSRB um lífeyrismál

KÁG fór yfir skjal/tillögu frá fulltrúum fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaga um breytingu á lífeyrissjóði LSR og sveitarfélaga. Miklar umræður fóru fram og ákveðið var að fara yfir skjalið með hag- og lögfræðingi félagsins.

Einnig var farið yfir upplýsingar úr skýrslu Holdens vegna SALEKS um íslenskt efnahagslíf og sérstöðu þess.

15.Dagskrá haustannar í forystufræðslu BSRB og ASÍ [Forystufræðsla BSRB og ASÍ](#)

KÁG fór yfir dagskrá haustannar í forystufræðslu BSRB og vísaði á link þar sem dagskrá og efnistöð koma fram.

16.Myndataka

Rætt var um að mynd vantar af núverandi framkvæmdastjórn og félagsstjórn SLFÍ til að hafa í sögu félagsins. Ákveðið var að flýta félagstjórnarfundum, sem átti að vera 14. október til 13. september og mun hann hefjast kl. 10.00 og verður myndataka á fundinum.

Önnur mál

- Sjúkraliði sem óskar eftir að vera í félaginu þrátt fyrir að vera ekki í sjúkraliðastarfi í ákveðinn tíma. Beiðnin samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.15